

Reykjavík, 8. maí 2006.

Vegna fyrirhugaðrar umfjöllunar um Baugsmálið svokallaða í Kastljósi Ríkissjónvarpsins vilja undirritaðir lögmann, verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, taka fram eftirfarandi:


Hinn 28. ágúst 2002 gerðu starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislöggreglustjóra húsleit í höfuðstöðvum Baugs í kjölfar kæru Jóns Gerald Sullenberger. Nær þremur árum síðar, 1. júlí 2005, var gefin út ákæra á hendur umbjóðendum okkar og fleiri einstaklingum vegna meintrar refsiverðrar háttsemi. Meginhluta þeirrar ákæru var vísað frá með dómi Hæstaréttar 10. október sama ár en lagt fyrir héraðsdóm að fjalla um átta liði hennar. Með dómi 15. mars 2006 voru umbjóðendur okkar sýknaðir af þeim liðum. Helmingur ákæruliða sem voru til umfjöllunar lutu að meintum brotum á tollalögum við innflutning bifreiða frá Bandaríkjunum. Helsta vitni ákærvaldsins var Jón Gerald Sullenberger, sem keypti umræddar bifreiðar og annaðist flutning þeirra til Íslands. Við aðalmeðferð málsins kom meðal annars fram að hann hefði farið halloka í viðskiptum við Baug og að hann bæri þungan hug til sumra sakborninga. Til þess að fella ekki á sjálfan sig sök neitaði Jón Gerald að svara spurningum um hvort hann hefði hotað einum þeirra liffláti. Í niðurstöðum Héraðsdóms var framburður Jóns Gerald metinn ótrúverðugur og ekki á honum byggjandi og sönnunargildi gagna er frá honum stafaði talið takmarkað.

Nú, nálægt fjórum árum eftir að rannsókn málsins hófst, hefur sérstakur ríkissaksóknari gefið út nýja ákæru, sem byggist að mestu á þeim ákæruliðum sem vísað hafði verið frá dómi, þar á meðal liðum sem byggðir eru á kæru og framburði Jóns Gerald Sullenberger. Umbjóðendur okkar hafa krafist þess að ákæru á hendur þeim verði vísað frá dómi. Því er enn óvist að mál þetta komi til efnismeðferðar.

Fyrir helgi höfðu umsjónarmenn Kastljóss Ríkissjónvarpsins samband við okkur og sögðu að í bígerð væri að fjalla um Baugsmálið í Kastljósi og að byggt yrði á viðtolum við Jón Gerald Sullenberger, sem er nú sjálfur meðal sakborninga málsins, og gögnum sem hann hafði látið í té. Var þess óskað að við eða skjólstæðingar okkar tækjum þátt í umræðum í Kastljósi.

Athugasemdir okkar eru þessar: Í réttarríki gegna dómstólar því hlutverki að kveða upp úr með sekt eða sakleysi sakborninga. Lögregla og ákærvald hafa unnið í málínu í nær fjögur ár. Framlögð skjöl nema tugum þúsunda og fylla nærrí eitt hundrað bréfabindi og fyrirsjáanlegt er að aðalmeðferð málsins mun taka vikur. Í málínu er meðal annars tekist á um sönnunargildi tiltekinna skjala, þar á meðal tölvubréfa. Fyrir liggur skýrsla dómkvaddra matsmanna um að tiltekin tölvubréf finnist aðeins í tölvu Jóns Gerald Sullenberger og það er álit færstu sérfræðinga að ómögulegt sé að fullyrða neitt um hvort slík gögn séu upprunaleg eða ófölsuð. Dómstólar meta sönnunargildi gagna, ekki einstakir sakborningar eða sjónvarpsmenn. Þá ber að hafa í huga að sakborningar eiga eftir að leggja fram frekari gögn sem stafa frá þeim og Baugi Group hf. Fráleitt er að freista þess að upplýsa málið í stuttum sjónvarpsþætti. Er slík umfjöllun fallin til þess að brengla málið og trufla eðlilega meðferð þess fyrir dómstólum. Hvorki við né umbjóðendur okkar munu því taka þátt í umfjöllun sem kann að fara fram í Kastljósi Ríkissjónvarpsins.

  
Gestur Jónsson hrl.

  
Jakob R. Möller hrl.

Ríkisútvarpið,  
Páll Magnússon útvarpsstjóri,  
Efstaleiti 1,  
150 Reykjavík.


Sl. föstudag hafði Þórhallur Gunnarsson umsjónarmaður Kastljóssins samband við lögmann minn, Gest Jónsson, hrl., og skýrði honum frá því að til stæði í næstu viku að hafa umfjöllun um Baugsmálið svokallaða. Umfjöllunin myndi hefjast á mánuðag og ná e.t.v. til fleiri daga.

Fram kom hjá Þórhalli að meðal annars yrði viðtal við Jón Gerald Sullenberger og gögn birt sem hann hefur látið umsjónarmenn Kastljóssins fá, ásamt sínum útskýringum á þeim. Boð Þórhalls laut að því að mér og/eða lögmanni mínum byðist að taka til varna í þættinum og taka með þeim hætti þátt í einhvers konar sjónvarpsréttarhöldum í máli, sem inniheldur m.a. tugi þúsunda málsskjala. Málið hefur ekki enn verið tekið til efnismeðferðar fyrir dómstólum utan þess hluta sem dæmt var í 15. mars sl. þar sem ég og aðrir sakborningar vorum sýknaðir. Af þessu tilefni hefur verjandi minn, Gestur Jónsson, og verjandi Tryggva Jónssonar, Jakob Möller, ritað yfirlýsingu sem fylgir hér með. Ég krefst þess að yfirlýsingin verði birt og lesin í umræddum þætti í kvöld, verði hann á dagskrá.

Ég hlýt að mótmæla vinnubrögðum Kastljóssins. Í fyrsta lagi að fjallað sé með svo léttvægum hætti um atvik sem eru meðal þeirra alvarlegustu í lífi hvers manns sem í því lendir, þ.e.a.s. að vera sakaður um brot gegn refsilögum. Ómögulegt er að ætla að verjast ásökunum og ákæru í svo margslungnu máli í stuttum sjónvarpsþætti. Ég á rétt á því að um slík mál sé aðeins fjallað fyrir réttum dómstólum og þá samkvæmt þeim lögum og reglum sem um það gilda. Í öðru lagi verður að mótmæla harkalega að byggt sé á viðtölum og gögnum frá Jóni Gerald Sullenberger, sem hefur m.a. hótað mér lífláti og hefur verið metinn ótrúverðugur af þremur héraðsdómurum sem og gögn sem frá honum komu. Síðast en ekki síst verður að benda þér á, sem yfirmanni Ríkisútvarpsins, að umsjónarfólk Kastljóssins, Þórhallur Gunnarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir, eru í vinfengi við Jón Gerald Sullenberger og mun annað þeirra hafa verið gestur hans um borð í bátnum Thee Viking.

Því miður virðist sem með þessu sé verið að misnota sjónvarp allra landsmanna. Ég trúí því ekki að það verði látið viðgangast, enda ljóst að trúverðugleiki þess er í húfi.

Reykjavík, 8. maí 2006,

  
Jón Ásgeir Jóhannesson,  
forstjóri Baug Group hf.

|         |   |     |   |         |   |            |  |
|---------|---|-----|---|---------|---|------------|--|
| iceland | Baugur Group<br>Túnsgata 6<br>101 Reykjavík | uk  | Baugur Uk Ltd.<br>Renoir House<br>135-137 New Bond Str.<br>London W1S 2TG | denmark | Baugur Group<br>Snaregade 12<br>1205 Copenhagen K | luxembourg | Baugur (A Holding s.a.)<br>174, route de Longwy<br>L-1940 Luxembourg |
| tel     | +354 530 7800                               | tel | +44 (0) 207 518 0980  | tel     | +45 33 98 8000                                    | tel        | +352 26 38 93 89   |
| fax     | +354 530 7801                               | fax | +44 (0) 207 518 0989  | fax     | +45 33 93 8021                                    | fax        | +352 26 38 93 90   |